

Náðu árangri með ánægju



Takk!

Við viljum þakka viðskiptavinum okkar fyrir frábærar viðtökur, en húsgagnadeildin okkar hefur vaxið og dafnað, jafnt og þétt, undanfarin misseri. Verkefnum fjölga og hópur ánægðra viðskiptavina stækkar ört.

Okkar áhersla er að tryggja ánægju viðskiptavina með góðri þjónustu, fallega hönnuðum gæðavörum og áreiðanlegri afhendingu.



Um mitt síðasta ár opnuðum við nýjan sýningarsal í Skeifunni 17 í Reykjavík, en þar er húsgagnadeildin partur af stærstu verslun A4. Komdu til okkar og skoðuðu fallegu húsgögnin sem við bjóðum fyrir skrifstofuna, opna rýmið, kaffistofuna, biðstofuna, skólastofuna eða hvaða rými sem þarf nast fallegra húsgagna. Að sjálfsögðu hentar fullt af okkar vörum einnig fyrir heimilið, þar sem við leggjum áherslu á fallega hönnuð húsgögn sem sóma sér vel í hvaða rými sem er. Söluráðgjafar okkar hafa viðveru í salnum alla virka daga milli kl. 13 og 17. Verið velcomin til skrafs og ráðagerða.



Gæðahúsgögn

Við hjá A4 leggjum metnað okkar í það að vera í fararbroddi á sviði skrifstofu-, skóla-, gjafa-, föndur- og hannyrðavara og leggjum áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavinum. Góð og vel hönnuð húsgögn eru hluti af skapandi og hvetjandi vinnuumhverfi. A4 húsgögn, í samstarfi við öfluga húsgagnaframleiðendur, bjóða viðskiptavinum sínum mikið úrval skrifstofu- og skólahúsgagna og veitum ráðgjöf við heildarlausnir að innra skipulagi. Nýlega skrifuðu A4 húsgögn og Ríkiskaup undir samning um kaup á skrifstofuhúsgögnum en með þeim samningi tryggja Ríkiskaup opinberum stofnunum aðgang að glæsilegum gæðahúsgögnum á hagstæðu verði. Þetta sýnir að hægt er að treysta okkar vörum og að við bjóðum verð sem eru samkeppnishæf.

Hvað segja viðskiptavinir?

„Advania hefur átt í ánægjulegum viðskiptum við A4 í mörg ár. Því þótti okkur það gleðilegar fréttir að heyra af innkomu A4 á markað fyrir skrifstofuhúsgögn. Nú þegar höfum við lokið við tvö verkefni í samvinnu við húsgagnadeild A4 og hefur þar allt staðið eins og stafur á bók; þjónustan, gæðin og hagstætt verð.“

– Jóhann Þór Jónsson, Advania Ísland ehf.



EFG Nova gestastólar fyrir Advania Akureyri.



Nýjar höfuðstöðvar Gentle Giants á Húsavík.

Skemmtilegt og hvetjandi vinnuumhverfi

EFG er sænskur húsgagnaframleiðandi sem hefur sérhæft sig í framleiðslu á skrifstofuhúsgögnum síðan 1885. EFG sækir innblástur til Skandinavíu í hönnun sinni og hefur sjálfbærni og notagildi húsgagnanna að leiðarljósi í framleiðslunni.

EFG býður heildstæðar lausnir fyrir skrifstofur, stofnanir og almenningsrými. Fjölbreytt úrval af vinnuvistfræðilegum og sveigjanlegum lausnum sem henta þörfum hvers og eins. EFG hefur í huga að hver viðskiptavinur er einstakur og býður því breiða vörulínu af skrifstofuhúsgögnum.

Við hjá A4 aðstoðum þig við að setja saman þitt vinnurými eins og hentar þinni starfsemi og starfsfólki. 5 ára ábyrgð er á öllum húsgögnum og allt að 10 ára ábyrgð á völdum skrifstofustólum.



Skrifborðsstólar

EFG býður margar gerðir af skrifborðsstólum sem eru einfaldir í umgengni og stillingum en eru sannkallaðir gæðastólar. Mikið úrval áklæða og lita, arma, höfuðrúða og hjólkrossa tryggir að allir geta fundið stól við hæfi.

EFG ONE Inc og Sync eru hannaðir með þægindi og sveigjanleika í huga og eru sannkallaðir gæðastólar á góðu verði.

EFG Teamspirit 8 hefur þann kost að hreyfing baks og setu er samhæfð, stillingar allar einfaldar og fáanlegur með eða án arma. Fjöldi áklæða og lita eru í boði og viljirðu fá stólinn með netabaki köllum við hann EFG Teamspirit 39.

Hafið samband við söluráðgjafa okkar í sýningarsal skrifstofuhúsgagna í Skeifunni 17 eða sendið okkur póst á husgogn@a4.is og við svörum um hæl.




Hækkanleg skrifborð

Stattu og sittu á meðan þú vinnur

Líkami okkar er ekki gerður fyrir kyrrsetu og því er gott að minna sig reglulega á að standa í 15 mínútur af hverjum klukkutíma yfir daginn.

- Byrjaðu daginn á að hækka borðið og standa í 15 mínútur.
- Gott er að hækka borðið áður en þú ferð í hádegismat svo það sé tilbúið þegar þú kemur til baka.
- Það að standa í 15 mínútur eftir mat auðveldar líkamanum að vinna úr máltíðinni.
- Minntu þig reglulega á að hækka borðið og standa í 15 mínútur á hverjum klukkutíma það sem eftir lifir vinnudagsins.



Hugsaðu vel um heilsuna

„Slæm líkamsstaða við tölvuna setur mikið álag á hrygginn, sérstaklega háls og mjóbak og veldur oft miklum vanda, stífni í vöðvum og liðum með tilheyrandi verkjum í hálsi, höfði, öxlum og mjóbaki. Einnig veldur setstaða og kyrrstaða auknu álagi á hryggþófa. Getur það valdi útbungunum eða brjósklosi. Hreyfing er líkamanum nauðsynleg og hefur hún góð áhrif á hjarta og æðakerfi og vinnur gegn mörgum af þeim lífstíllsjúkdómum sem hrjá okkur. Fjölbreytt vinnuaðstaða og almenn hreyfing er mikilvægur þáttur í að hugsa vel um heilsuna“

– Svanur Snær Halldórsson, Dip. Ostepractic sjúkráþjálfun, Cert. DN, Cert. SMT, hjá ÁS Sjúkráþjálfun.

Hirslur

Hirslur í miklu úrvali. **Pulse** er glæný skápalína frá EFG en skápar, skúffur og hillur eru mikilvægur hluti af skrifstofunni. Við bjóðum því enn betra úrval af hirslum í ýmsum litum, áferðum, stærðum og gerðum.



Þarftu að breyta vinnustöðinni þinni? Frábær hönnun á Pulse útdraganlega skápnum gerir það að verkum að nú er hægt með einföldum að breyta hægri skáp í vinstri skáp og auðvitað á hinn veginn líka. Óþarfi að kaupa nýjan skáp þó skrifstofunni sé umbylt og það er ánægjulegt!

Borð fyrir skrifstofuna

EFG býður borð sem henta við öll tækifæri. Hvort sem það er fyrir einn að vinna við, fyrir tvo eða fleiri að spjalla eða fyrir lengri fundi eða fyrirlestra. Við bjóðum fjölmargar borðlausnir og á breiðu verðbili til að allir geti fundið sitt rétta borð. Mögulegt er að fá borð með tenglum fyrir rafmagn og tölvutengingar.



Gesta- og fundarstólar

Archie er glænýr stóll frá hönnuðinum Carl Öjnerstam í samvinnu við EFG. Archie er svo sannarlega heil fjölskylda af stólum sem er fánlegur í mörgum útfærslum og er hönnun hans bæði nýtskuleg og hagnýt fyrir allar gerðir af umhverfi. Skelin er úr plasti og kemur í fimm litum en fæst einnig heilbólstraður eða með bólstraðri setu og þú velur litina. Viðarfætur, litaðar stálfætur, krómfætur eða snúningsfótur eru í boði. Stóllin er með stimpil frá Möbelfakta fyrir gæði, umhverfis- og samfélagslega ábyrgð. Auk þess er hann vottaður samkvæmt EN 16139, EN 1728 og EN 1022.

*Hvada stóll
hentar þér?*



Woods. Einstaklega fallegur stóll sem hentar bæði sem ráðstefnu- og fundarstóll. Kemur á fimm arma hjólakrossi og er hækkunlegur og hægt að halla aftur. Hægt að fá með mismunandi bakhæð og með eða án arma. Fæst einnig í hefðbundinni stólaútfærslu með eða án arma. Mikið úrval áklæða og lita. Þennan klassíska gæðastól hannaði norsk hönnuðurinn Steinar Hindenes í samvinnu við EFG og stenst stóllinn gæðakröfur Nordic Ecolabel.

EFG hljóðvist

Kite eru hljóðdempandi plötur sem einfalt er að festa á vegg til að dempa niður hljóð. Margar gerðir af áklæði eru í boði og hægt að hafa tvo liti á hverri einingu. Þú raðar upp einingum og býrð til það myndstur sem hentar þér. Einingar er hægt að fá sem ferning, rétthyrning eða L-laga.



Tab. EFG býður einnig hljóðdempandi skilrúm, bæði á borð sem og frístandandi. Þau er hægt að nota á ýmsan hátt til að skapa persónulegt rými á hinu hefðbunda vinnusvæði í opnum rýmum sem víða má finna í dag.



EFG hægindahúsgögn

Skipting rýmis og gott næði eru lykilatriði þegar kemur að líðan starfsmanna á vinnu-stað. Það er ekki alltaf nauðsynlegt að reisa veggj þegar skipta á upp rými. Hægt er að nota hirslur eins og úr **Create** línunni frá EFG. Hægt er að raða þeim upp á ýmsan hátt og búa þannig til nýtt rými í stærra rými.



EFG býður fjölda annara lausna þegar kemur að sófum og öðrum hægindahúsgögnum. Leitið til söluráðgjafa okkar eftir nánari upplýsingum.



Á öllum skrifstofum er nauðsynlegt að hafa svæði þar sem starfsmenn eða viðskiptavinir geta sinn sínum málum í næði og þess að valda öðrum truflunum. EFG **Mingle** er nýjast sófinn frá EFG. Hann kemur í einingum þannig að hægt er að raða honum á hvern þann veg sem hver kýs. Einnig koma hefðbundir eins-, tveggja- og þriggja sæta sófar og hægt að fá þá með háu baki sem er hljóðeinangrandi og býr þannig til rými þar sem hægt er að taka einkafund, símtal eða slaka aðeins á og hugsa málin.



My Space sófarnir frá EFG eru einstaklega falleg og vönduð gæðahönnun. My Space eru hentugir til að gera herbergi inni í opnu rými eða „herbergi í herbergi“. Þeir nýtast vel til að slaka á, vinna eða til stuttra funda. My Space sófarnir eru með léttu yfirbragði og þessi tveggja sæta sófi er sérstaklega sniðinn fyrir rými þar sem pláss er takmarkað. Sófarnir eru með háu baki og hliðum sem eru hljóðeinangrandi. My Space sófinn er á einstaklega góðu verði sem er þess virði að kynna sér.

SAVO – Finndu þann rétta!

Savo er sænskur framleiðandi sem sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á skrifstofustólum. Árið 1945 var fyrsti stóllinn framleiddur og æ síðan hafa þau hjá Savo fylgt sinni stefnu „Allir eiga rétt á að sitja eins og þeir vilja“ en með stól frá Savo þarftu bara að sitja. Savo sér um rest.



SAVO Soul M6 er gæðastóll með öllum þeim stillingum og þægindum sem nútíma vinnuvistvænn stóll getur boðið upp á. Stóllinn fylgir hreyfingum þínum með samhæfðri hreyfingu setu og baks og stuðlar þannig að réttri líkamsbeitingu og góðri líðan við vinnuna eða námið.



Þarftu stól við hátt vinnu- eða afgreiðsluborð? Þá er **SAVO Studio** rétti stóllinn. Einfaldar stillingar tryggja að margir geta skipst á að nota stóllinn og geta stillt hann hratt og örugglega að sínum þörfum. Að sjálfsgöðu fæst Savao Studio sem hefðbundinn skrifborðsstóll.



SAVO Joi 360° stóllinn veitir fullkomið frelsi meðan unnið er, hvort heldur sem er í standandi eða sitjandi stöðu. Láttu fara vel um þig.

SAVO Invite

SAVO Invite fundarstóllinn er hannaður af hinum pólska Jurek Buchacz í samvinnu við Savo með vinnuvistfræði (ergonomic) í huga. Stóllinn styður við vel við mjóbakið jafnvel þó þú hallir þér fram í stólnum og fylgir hreyfingum þínum eftir. Sífelld meiri tími fer í fundarsetu hjá starfsmönnum í nútíma fyrirtækjum og því þarf að huga að því að fundarstólar séu vinnuvistfræðilega hannaðir til að tryggja þægindi fyrir bak, háls og herðar þó fundarsetan dragist á langinn. Fæst jafnframt sem hár stóll þegar vinna þarf við hærri borð.



Four Design

Four Design er danskur húsgagnaframleiðandi sem þróar og framleiðir húsgögn sem uppfylla nútíma kröfur um gæði, útlit og notagildi, en hefur einnig komandi kynslóðir í huga með tímalausri hönnun. Four Design hefur virka umhverfisstefnu, leggur áherslu á sjálfbærni og hugar að samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja (CSR). Four Design hefur vottun ISO 14001 sem leggur áherslu á umhverfisstjórnun og uppfyllir jafnframt kröfur MiljæForum Fyn um sjálfbærni í framleiðslu. Þess má geta að höfuðstöðvar Four Design eru enn á sama stað og þegar fyrirtækið var stofnað 1930, í Gislev í Danmörku.



Húsgögn frá Four Design einkennast af frábærri virkni og einfaldri en vandaðri hönnun sem höfðar til þess alþjóðlega umhverfis sem við lifum í. Hugmyndir hönnuða Four Design endurspeglu þau gildi sem eigendur fyrirtækisins vilja standa fyrir. Einkenni húsgagna þeirra er einfaldleikinn og notagildið. Minimalísk hönnun sem á sér vissan stað í því alþjóðlega umhverfi sem við lifum. Vörunum er ætlað að gefa samskiptum manna í milli aukið vægi og stuðla að jafnvægi í innanhússhönnuninni hvar sem þær eru notaðar.

Má bjóða þér sæti frá Four Design?

Ótal fallegir stólar koma frá Four Design og þú finnur hentugan og fallegan gæðastól í hvaða rými sem er. FourMe stóllinn kemur í mörgum útgáfum og hefur svo sannarlega slegið í gegn enda hreinlega um augnakonfekt að ræða. Hvort sem stóllinn kemur bólstraður eða óbólstraður, með viðarfótum eða stálfótum er fallett lagið á skelinni það sem augað nemur fyrst.



Fundarstólaútgáfa af Four Sure stólnum kallast Four@Sure 66 en hann er jafnframt hentugur fyrir skólastofuna eða sem gestastóll á skrifstofuna. V-laga bakið dugar aðeins sem gerir það að verkum að stóllinn er einstaklega þægilegur til langrar setu.



Fjölbreytni frá Four Design

Frá Four Design bjóðum við mikið úrval af staflastólum og hleðsluvögnum, svo þægilegt sé að flytja stóla þegar breyta þarf rýmum.



Four Design býður upp á alls konar borð. Hringborð, borð fyrir mötuneytin, kaffistofuborð, spjallborð, fundarborð, kennsluborð, ráðstefnuborð og svo auðvitað felliborð og hleðsluvagna fyrir þau. Hafið samband við söluráðgjafa okkar og fáið nánari upplýsingar.



Four Design – hljóðeinangrun

Harc Tub er hannaður af Roger Webb og samstarfsmönnum hans í samvinnu við Four Design. Harc Tub er fallegur stóll og er fánlegur sem hæginda- eða fundarstóll. Með hækkun á hefðbundinn stól verður til stóll með háu hljóðeinangrandi baki sem býður einkarými til að taka símtal, einbeita sér að verkefnum eða til slökunar frá skarki umhverfisins. Fæst með krómuðum eða lituðum snúningsfæti eða hefðbundum lituðum vírkrómfótum en jafnframt er hægt að fá fallegar viðarfætur sem gefa stólnum heimilislegt yfirbragð. Fjöldi áklæða og lita eru í boði og möguleiki að klæða hvern stól með tveimur litum.



Four Design í samvinnu við hönnuðinn Anders Nørgaard koma fram með hentuga skipulagshugmynd með sófanum **FOUR@US**.

FOUR@US er allt frá klassískum sófa til nýtísku hönnunar á hljóðvist. Þessi lausn skapar stað fyrir þig til að eiga samskipti án þess að allir fylgist með. Sófinn gefur vandað, sjónrænt og nútímalegt útlit og veitir tækifæri til sveigjanlegra lausna sem bjóða endalaus tækifæri til breytinga án tilkostnaðar.

FOUR@US uppfyllir þörfina fyrir óformlegt pláss til hugleiðingar og samskipta hvort sem þú þarft vettvang fyrir kaffihlé eða fyrir óformlegan fund. FOUR@US uppfyllir þörf til að auðvelda og samræma aðstæður í hvaða umhverfi sem er með þeirri fjölbreytni sem þessi einstaki sófi býður. Með FOUR@US færðu „herbergi í herbergi“ með betri hljóðeinangrun, fagurfræðilegri hönnun og fjölbreytni – þú færð herbergi með tækifæri.




Hljóðvist er mikilvægur þáttur í nútímalegu opnu vinnuumhverfi. Er mikill hávaði á þínum vinnustað? Hönnuðurinn Nigel Sikora í samvinnu við Four Design kynna fallega hljóðdempandi lausn sem þau kalla Fabricks.

Fabricks eru hljóðeinangrandi kubbar sem samanstanda af hljóðeinangrandi froðu og ullaráklæði, hannaðir til að líta fallega út, skipta upp pláss og draga úr hávaða. Auðvelt er að flytja kubbana til ef breyta á vinnurými, endurskipuleggja opin svæði eða búa til fundarstað í fljótheitum í opnu vinnusvæði. Fabricks kubbarir bjóða sveigjanleika sem á fáa sína líka þegar breyta þarf opnu rými með litlum fyrirvara og engum tilkostnaði en með hraða sem nútímarekstur krefst



Húsgögn fyrir skólastofuna

Frá Nordisk Group bjóðum við húsgögn fyrir skólastofuna. Nordisk Group er danskt fyrirtæki sem hannar sína eigin línu fyrir skólaumhverfið sem þeir kalla „The Flexible Classroom“ og byggir á þeirri hugmyndafræði að nútíma kennsluhættir kalla á hreyfanleika þeirra húsgagna sem eru í hverri kennslustofu. Einstaklega slitsterk og falleg húsgögn sem henta öllum skólastigum. Komdu í sýningarsal okkar í Skeifunni 17 og fáðu þér sæti í nútíma kennslustofu sem við höfum þar til sýnis og finndu hvað þessi húsgögn eru þægileg og auðveld í meðförum.



Skemmtilegu stólarnir frá Umbra

Oh stóllinn er skemmtileg viðbót við húsgagnaflóruna. Hann er hannaður af Karim Rashid sem er þekktur fyrir litríka og hagnýta hönnun sína fyrir Umbra. Stólarnir fást í sex litum. Þeim er hægt að stafla og þeir henta í hvaða rými sem er og við öll tækifæri, jafnt á heimilum, í skólum eða í fyrirtækjum.

Stólfæturnir eru úr húðuðu stáli, í sama lit og skelin sem gerð er úr plasti. Það er því auðvelt að þrifa þá og þeir henta vel innandyra sem utan.

Gefðu lífinu lit



Kæri viðskiptavinur

Við hjá A4 viljum hjálpa þér við að ná árangri með ánægju. Umhverfi starfsmanna fær sífellt meiri athygli þar sem góð vinnuaðstaða tryggir betri líðan og um leið betra og ánægðara starfsfólk. Við segjum að fyrirtæki er ekkert annað en starfsfólk þess og ef fólk þitt er ánægt og líður vel í vinnunni aukast jafnframt líkur á því að fyrirtækinu þínu vegni betur!

Vinnustaðurinn er ekki bara staður sem þú mætir á og dvelur, heldur staður sköpunar, afkasta og um leið vellíðunar. Við hlökkum til að þjónusta þig og skapa með þér framúrskarandi vinnuumhverfi fyrir þitt starfsfólk.



Pantanasíminn er **580 0000 / husgogn@a4.is**

Sýningarsalur húsgagna er í verslun A4 í Skeifunni 17.

Söluráðgjafar okkar taka vel á móti þér alla virka daga milli 13 og 17.